

Bæjarráð Garðabæjar


Endurskipulagning öryggis- upplýsingamála í Heiðmörk. Ósk um 6,5 mkr. fjárveitingu

Unnið er með landeigendum og sveitarfélögum að nýju heildstæðu skipulagi upplýsingagjafar í Heiðmörk. Í því felst nýtt vegvísakerfi á svæðinu, endurnýjun ýmissa innviða, uppsetning fræðsluefnis og kortagerð þessu tengt, auk hönnunar auglýsingaefnis.

Einnig er stór þáttur innan þessa verkefnis öryggiskerfi, í samstarfi við Neyðarlínuna, til að stytta viðbragðstíma ef óhapp verður. Felst það í uppsetningu fjölda landfræðilega skilgreindra pósta í Heiðmörk, sem hægt er að vísa til og staðsetja sig þar með nánar innan svæðis.

Heildarverkefnið kostar 22,5 mkr. Orkuveita Reykjavíkur hefur gert samning við SR um að kosta 8 mkr. og verið er að semja við Reykjavíkurborg um 8 mkr. Þá er óskað eftir að Garðabær leggi í verkefnið 6,5 mkr. enda fari sú upphæð öll í verkefnið innan Garðabæjarhluta Heiðmerkur.





F.h. stjórnar Skógræktarfélags Reykjavíkur

Jóhannes Benediktsson